

STJÓRNARTÍÐINDI B 70 — 1982

6. desember 1982.

1241

Nr. 703.

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum í Þverál og Strandagrunni.

1. gr.

Frá og með 7. desember 1982 til og með 5. janúar 1983, eru allar veiðar með flotvörpu og botnvörpu bannaðar á svæði í Þverál og Strandagrunni á svæði, sem markast af línu, sem dregin er um eftirgreinda punkta:

1.	66°47'2 N	23°08'0 V
2.	66°57'0 N	23°21'0 V
3.	67°01'0 N	22°12'3 V
4.	67°13'2 N	22°24'5 V
5.	67°16'1 N	21°18'2 V
6.	67°03'4 N	21°09'3 V
7.	67°05'4 N	20°29'2 V
8.	66°40'2 N	20°35'5 V
9.	66°38'2 N	21°08'7 V
10.	66°54'1 N	21°18'2 V

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. desember 1982.

F. h.r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.